



Fundargerð

Þriðjudaginn 7. desember 2021 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00. Notast var við fjarfundabúnaðinn Teams. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Jón Örn Stefánsson varamaður.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022 seinni umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu A-Hún fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á áætlun frá fyrri umræðu. Í áætluninni er dregið saman rekstraryfirlit þar sem sést að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 335,3 m.kr. og heildargjöld 327,3 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um 6,6 m.kr. og rekstrarniðurstaða jákvæð um 1,4 m.kr. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri árið 2022 sé áætlað 11,0 m.kr. og afborganir langtímalána nemi 11,0 m.kr. Handbært fé í ársbyrjun 2022 er áætlað 14,5 m.kr. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 70,5 m.kr. og verða þær fjármagnaðar með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Í yfirliti um skiptingu heildarframlaga milli sveitarfélaga kemur fram að framlög vegna félagsþjónustu eru áætluð 119,8 m.kr., vegna skólaþjónustu 26,3 m.kr., vegna dreifnáms 6,3 m.kr. og vegna öldrunarmála 14,7 m.kr. Heildarframlög sveitarfélaga nema því samtals 167,1 m.kr.

Skipting heildarkostnaðar milli sveitarfélaga er þannig:

Blönduósbær: 51,7%

Sveitarfélagið Skagaströnd: 24,7%

Skagabyggð: 4,8%

Húnavatnshreppur: 18,8%

Stjórn ræddi áætlun og forsendur hennar. Fram kom að í fjárfestingaáætlun sé m.a. gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun á íbúðum fyrir aldraða í Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd. Gert er ráð fyrir því að ráðast í endurnýjun á einni íbúð á hvorum stað í byrjun næsta árs. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á rekstri byggðasamlagsins og sameiningakosninga sem eru framundan hjá Húnavatnshreppi og Blönduósbæ þann 19. febrúar nk. var ákveðið að gæta varfærni í nýfjárfestingum og lántökum á árinu að svo stöddu. Stjórn er þó sammála um að hugsanlegar breytingar á sameiginlegum rekstri sveitarfélagana á Félags- og skólaþjónustu í Austur-Húnavatnssýslu megi ekki koma niður



Félags- og skólabjónusta A- Hún

á þjónustu við íbúa og nauðsynlegum úrbótum sem þarf að ráðast í. Þá sammæltist stjórn um ráðast í áframhaldandi endurbætur á íbúðum bæði á Skagatrönd og Blönduósi ef forsendur skapist til þess að bæta við fjárfestingar á árinu 2022, háð samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Formaður stjórnar bar áætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:45



Félags- og skólafjónusta A- Hún

Stjórn:

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Jón Örn Stefánsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir